

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998  
um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.*

## Starfsleyfisskilyrði fyrir loðdýrabú

### 1. Gildissvið og ábyrgð

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir öll loðdýrabú, kanínubú, minkabú og refabú
- 1.2 Rekstraraðili skal taka upp innra eftirlit þar sem jafnóðum eru skráðir eftirfarandi þætti starfseminnar:
  - a. Fjöldi loðdýra (læður, ungar og högnar)
  - b. Fjöldi sláturdýra og sjálfdaðra dýra
  - c. Fjöldi strokudýra.
  - d. Tæming þróa, dagsetning losunar, og áætlað magn skíts
  - e. Förgun úrgangs sem til fellur og áætlað magns úrgangs
  - f. Mengunarslys sem kunna að verða, s.s. ef þró yfirfyllist.Skráningar skulu vera tiltækar heilbrigðiseftirliti vegna mengunarvarnaeftirlits og Umhverfisstofnun vegna skráninga strokudýra.
- 1.3 Lyf, lyfjaleifar og hættuleg eða varasöm efni skulu geymd á traustan hátt. Við förgun slíkra efna skal hlíta fyrir mælum heilbrigðiseftirlits.
- 1.4 Eintak af skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.
- 1.5 Tilkynna skal viðeigandi heilbrigðiseftirliti ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða ef breytingar verða á rekstrinum.

### 2. Mengunarvarnir og búnaður

- 2.1 Dýrahæ og sorp skal flytja burt til eyðingar. Förgun á dýrahæjum er einungis heimil á förgunarstað sem hefur til þess starfsleyfi. Nota skal lokað ílát við geymslu dýrahæja og flutning þeirra. Hvers konar brennsla á úrgangi er bönnuð. Þess skal gætt að meindýr og vargfugl komist ekki í æti eða fái þrifist í og við loðdýrabú.
- 2.2 Dýraskít, hálmur og heyi úr loðdýrabúum skal farga á viðurkenndum urðunarstað. Heilbrigðisnefnd getur þó samþykkt að þessi efni verði nýtt sem áburðarefni ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
  - a. Að efnum sé eingöngu dreift á úthaga eða lítt gróin svæði
  - b. Að fyrir liggi samþykkt framkvæmdaáætlun um dreifingu þar sem m.a. kemur fram áætlað magn, dreifingartími, dreifingarstaðir og samþykki landeiganda sé rekstraraðili ekki eigandi lands.
  - c. Að ekki sé hætt á að dreifing valdi mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni
  - d. Að tryggt sé að dreifing valdi ekki öðrum óþægindum eða ama s.s. vegna lyktar eða óþrifnaðar
  - e. Að fylgt sé þeim sértæku kröfum sem heilbrigðisnefnd setur dreifingunni s.s. er varða tímatakmörk og magn á flatareiningu o.þ.h. sbr. leiðbeiningar um góða búskaparhætti sem m.a. má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- 2.3 Óheimilt er að dreifa skít á stöðum þar sem að hann getur mengað læki, ár, eða vatnsból.
- 2.4 Geymsla á skít frá loðdýrabúum skal þannig fyrirkomið að ekki sé hætt á mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni. Þurskít skal geyma fram að dreifingu á þann hátt að ekki sé hætt á útskolun, t.d. með yfirbreiðslu. Blautskít skal geyma í safnþró fram að dreifingu. Um gerð þróar er vísað til Starfsreglna um góða búskaparhætti.
- 2.5 Ef yfirfall er á safnþró skal það fara í siturlögn í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar
- 2.6 Safnþrær, fráveitur og geymslur fyrir úrgang skulu vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Af loðdýrabúum getur stafað lyktarmengun. Ef í ljós kemur að loftmengun eða ólykt frá starfseminni veldur fólki á nærliggjandi landareignum óþægindum, er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast sérstakra aðgerða.